Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 4. september 2026
Kl. 09:15 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, Þór Heiðar Ásgeirsson (GRÓ FTP), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði kross Íslands), Sveinn Óskar Sigurðsson (Miðflokkurinn), Ragnar Schram (SOS Barnaþorp), Birna Þórarinsdóttir (UNICEF), Lilja Hrund Lúðvíksdóttir (Samtök atvinnulífsins), Ingvar Þóroddsson (Viðreisn), Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir (Flokkur fólksins).

Magnús M. Norðdahl (ASÍ) sótti fundinn á Teams.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Þórarinna Söebech, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, Hólmfríður Anna Baldursdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu og Jónas Haraldsson, ráðunautur á skrifstofu alþjóðapólitískra málefna.

Gestur: Dr. Younis Al-Khatib, forseti palestínska Rauða hálfmánans.

Nefndarritari: Sara Diljá Sigurðardóttir.

1. Fundur settur (09:17)

Fundargerð frá fundi nefndarinnar 8. maí 2026 var samþykkt án breytinga.

2. Dr. Younis Al-Khatib, forseti palestínska Rauða hálfmánans fjallar um stöðu mannúðaraðstoðar í Palestínu (09:19)

Dr. Younis Al-Khatib, forseti palestínska Rauða hálfmánans þakkaði Íslandi fyrir veittan stuðning sem hefur verið nýttur í mannúðaraðstoð, ekki aðeins á Gaza, Vesturbakkanum eða Palestínu heldur einnig í Líbanon, Írak og Egyptalandi þar sem Palestínumenn hafa leitað skjóls. Dr. Al-Khatib kynnti sögu palestínska Rauða hálfmánans sem var stofnaður í núverandi mynd árið 1968. Fór hann yfir þá mannúðarkrísu sem steðjar að Gaza sem mun fara vaxandi, m.a. sökum flóða sem fyrirséð er að muni eyðileggja hús og tjöld margra fjölskyldna og leiða til aukinna smitsjúkdóma. Þá fór Dr. Al-Khatib yfir mikilvægi bólusetninga, að árangur bólusetningarátaka væri ótvíræður og að áríðandi væri að halda þeim áfram en samtökin njóta stuðnings alþjóðasamtaka sem leggja einnig áherslu á mikilvægi almennra bólusetninga. Ræddi Dr. Al-Khatib jafnframt um þá alvarlegu stöðu sem uppi er varðandi mannúðaraðgengi og að mikið magn hjálpargagna, m.a. fyrir börn og fatlaða, stæði fast við landamæri Palestínu og Egyptalands. Hann greindi einnig frá þeim hindrunum sem mannúðarsamtök standa frammi fyrir en starfsfólki hjálpar- og mannúðarsamtaka er reglulega ógnað með markvissum árásum.

Forsetinn sýndi myndband frá Gaza: *PRCS Response in the oPT (7 Oct 2023 – 1 Nov 2025.*

Þá greindi Dr. Al-Khatib frá breytingum sem hafa orðið á innleiðingu áætlana samtakanna vegna skorts á fjármagni og mannafla. Sagði hann margar sviðsmyndir vera til um framtíð Gaza,

en að a.m.k. þriggja ára friðartíma þyrfti til að koma á eðlilegu ástandi í Palestínu. Mannúðarkrísan er enn gríðarleg og án öflugrar aðkomu alþjóðastofnana muni ástandið hratt versna, sér í lagi fyrir börn og þungaðar konur.

Rætt var um Vesturbakkan en ástandið þar fer versnandi með vaxandi ofbeldi og hernámi Ísraela. Ofbeldi gegn almennum borgurum er að aukast en einnig skemmdarverk og rán á dýrum, sérstaklega í Bedúína samfélögum. Sagði forsetinn ástandið farið að minna á þjóðernishreinsun og stríðið 1948. Palestínumenn búa í gettóum og eru ferðalög þeirra innanlands takmörkuð og gerð nánast ómöguleg með lokunum Ísraelshers. Sagði hann ástand í flóttamannabúðum einnig slæmt sem eykur þjáningu en niðurskurður á fjármagni setur einnig strik í reikninginn.

Þá sagðist forsetinn vera ánægður með að fá tækifæri til að ræða málin og kynna stöðuna fyrir nefndinni.

3. Umræður (09:55)

Þakkað var fyrir kynningu forsetans á stöðu mála innan Palestínu, Gaza og á Vesturbakkanum. Einnig var samtökum palestínska Rauða hálfmánans þakkað fyrir störf sín í þágu mannúðar.

Einn fulltrúi nefndarinnar benti á mikilvægi gagnrýninnar hugsunar og benti á að ekki hafi verið minnst á tónlistarhátíð Nova í Ísrael og atburðanna sem urðu þar 7. október 2023, í myndbandinu. Hann nefndi jafnframt að Hamas hafi ekki viljað leggja niður vopn sín og að hjálpargögn hafi verið afhent palestínskum yfirvöldum sem hafi svo ekki skilað sér til almennings. Spurði hann hvort hluti af vandamálinu lægi í vantrausti á milli Ísraels og Palestínu, í ljósi sögu landanna.

Sami fulltrúi afhenti forseta palestínska Rauða hálfmánans skýrslu COGAT (The Coordinator of Government Activities in the Territories) þar sem fram kemur að hluti þeirrar matvælaaðstoðar sem borist hefur til Palestínu hafi ekki verið nýttur og spurði hvort vandamálið fælist í flutningsleiðinni. Dr. Al-Khatib mælti með því að viðkomandi aflaði sér upplýsinga um málið frá hlutlausum heimildum. Spurði hann einnig hvernig hægt væri að tryggja gagnsæi fjármuna sem samtökin fá og nefndi forsetinn að alþjóðlegir viðurkenndir endurskoðendur árita ársreikninga palestínska Rauða hálfmánans og hægt væri að nálgast skýrslur samtakanna á heimasíðu þeirra. Kom einnig fram að Rauði krossinn (ICRC: International Committee of the Red Cross) ásamt palestínska Rauða hálfmánanum leggi mikið upp úr ábyrgð og gagnsæi. Þá spurði fulltrúinn einnig annarra spurninga sem forsetinn mun svara í gegnum tölvupóst.

Dr. Al-Khatib sagði það skyldu þeirra líkt og annarra hjálparstofnana að virða alþjóðalög. Þá líkti hann stöðunni við sjúkdóm þar sem ekki virki að meðhöndla aðeins einkennin heldur verði að meðhöndla sjúkdóminn sjálfan. Sagði hann sjúkdóm Palestínu vera hernám og að það sem hafi gerst fyrir 20 árum sé ekki ótengt því sem sé að gerast í dag. Þá sagði hann stjórnmálamenn og alþjóðasamfélagið vera að bregðast og lagði áherslu á að Ísraelsmenn hefðu ollið þeim skaða sem mátti sjá á myndbandinu sem var sýnt í byrjun fundar og sagði Dr. Al-Khatib að hægt væri að líta aftur til 7. október en einnig væri hægt að líta til atburða fyrri ára (2021, 2014, 2009 osfrv.).

Þá sagði Dr. Al-Khatib reglur til staðar sem palestínski Rauði hálfmáninn þyrfti að fylgja líkt og varðandi alþjóðlega skilgreind landamæri og að fara þyrfti eftir því sem alþjóðalög segja til

um. Samtökin þurfi að fylgja ákveðnum reglum og ítrekaði hann að ekki myndi ganga að kenna Palestínu um stöðu mála í landinu.

Dr. Al-Khatib var spurður um hvernig hann sæi framtíðina fyrir sér, annars vegar ef óbreytt ástand héldist næstu 12 mánuði og hins vegar ef ástandið þróaðist til hins betra. Þá var hann spurður hvað hann teldi að þyrfti til að Palestína ætti bjarta framtíð fyrir höndum sér.

Í svari sínu sagði hann starfsfólk Rauða hálfmánans hafa hugsað mikið út í mögulegar atburðarásir við áætlanagerð samtakanna, en það væri strembið. Erfitt væri að svara þessari spurningu þar sem svarið byggist mikið á þróun mála, bæði innanlands en einnig á alþjóðavettvangi. Samtökin hafa reynt að gera það sem þau geta líkt og setja upp neyðarspítala úr þeim aðföngum er þau geta fundið á Gaza en hafa lent í vandræðum með heilbrigðisgögn sem festast á landamærum Egyptalands og Palestínu. Þá nefndi hann að samtökin hefðu byggt áætlanir sínar með það í huga að nýta þau úrræði sem þau hafa með það að markmiði að lágmarka þjáningar þjóðarinnar. Nefndi Dr. Al-Khatib að það væri rannsóknarefni hvernig ýmis verslunarvara kemst inn í landið á meðan hjálpargögn sitja föst á landamærunum. Sagði hann erfitt að horfa upp á þörfina fyrir hjálpargögn magnast á meðan almenn verslunarvara virðist eiga auðveldara með að komast yfir landamærin.

Þá var hann spurður út í traustverðar fréttaveitur og hvaða fréttaveitur gæfu áreiðanlegar upplýsingar um stöðu mála í Palestínu. Því svaraði forsetinn á þann máta að ekki væri hægt að tala um rétt eða rangt, það sem skipti mestu máli er að hernám er að eiga sér stað og nema að á það verði bundinn endir væri útséð um eðlilegt ástand í Palestínu. Fulltrúi nefndarinnar benti á að skýrslur stofnanna Sameinuðu þjóðanna gæfu áreiðanlegar upplýsingar um stöðu mála, t.d. frá samræmingarskrifstofu SÞ um mannúðarmál, OCHA (The United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs).

Spurt var hvort samtökin hefðu getu til að halda áfram að veita aðstoð um óákveðinn tíma. Dr. Al-Khatib sagði íbúa jarðarinnar búa við mikinn óróa og ekki væri neitt sem héti um óákveðinn tíma. Kvað hann mikla óvissu ríkja um framtíð heimsmyndarinnar eins og hún er í dag, meðal annars um áframhaldandi veitingu mannúðaraðstoðar vegna skorts á fjármagni. Þá sagði hann útgjöld til varnarmála vera að aukast sem eigi þátt í því að skortur er á fjármagni til mannúðaraðstoðar en þegar kemur að mannúðaraðstoð treysta Palestínumenn mikið á alþjóðasamfélagið. Sagði hann alþjóðasamfélagið hafa verið mjög gjafmilt og mikið af neyðarvarningi hafi borist til nágrannaríkjanna en að það sé ekki nóg þegar ein pólitísk ákvörðun geti stöðvað þá aðstoð.

Spurt var hvort að alþjóðlegt starfsfólk mannúðarsamtaka fengi inngöngu á Gaza eða Vesturbakkann. Forsetinn sagði starfsfólk ekki fá inngöngu og reynt hafi verið í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og Rauða krossinn að koma upp kerfi til að létta á starfsfólki samtakanna inni á svæðunum. Sagði hann að starfsfólki samtakanna á Vesturbakkanum væru settar miklar hömlur en því er meðal annars neitað ferðaleyfi til Gaza þar sem það gæti leyst starfsfólk af. Þá hafi ný hjálparsamtök komið fram sem hafa fengið meira ferðaleyfi en Palestínumenn en þær heimildir hafa nú verið takmarkaðar. Þá sagði hann mikla þörf á sérfræðiaðstoð frá samtökum líkt og Læknum án Landamæra og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni en yfirvöld í Ísrael takmarki útgáfu ferðaáritana verulega.

Í lok umræðunnar þakkaði Dr. Al-Khatib fyrir sig og góðar umræður.

4. <u>Staða mannúðarmála í breyttu landslagi (10:33)</u>

Jónas Haraldsson, ráðunautur á skrifstofu alþjóðapólitískra málefna í utanríkisráðuneytinu kynnti fyrir nefndinni stöðu mannúðarmála í breyttu landslagi og störf ráðuneytisins innan málaflokksins.

Sagði hann stöðuna í heiminum slæma en fleiri átök séu í gangi en nokkru sinni frá lokum seinni heimstyrjaldar. Þá hefur veðurfyrirbærið *Super El Nino* gert stöðuna verri er kemur að mannúðarkrísum, sérstaklega á Sahel svæðinu í Afríku. *Super El Nino* ýtir undir fæðuskort, uppskerubrest og fólksflutninga. Á sama tíma hefur dregið mikið úr framlögum til mannúðarmála.

Kom fram í máli Jónasar að Bandaríkin hefðu upphaflega stöðvað öll framlög til mannúðarmála og lagt niður þróunarsamvinnustofnun landsins, USAID. Sú ákvörðun hafi þó verið dregin til baka að einhverju leyti, en framlög Bandaríkjanna hafi þó dregist verulega saman. Þá hafa Þýskaland og Bretland einnig dregið úr framlögum en ólíkt því sem áður var eru framlög Evrópuríkja nú tvöfalt hærri en framlag Bandaríkjanna.

Þá kom fram að Ísland stendur sig vel er kemur að mannúðarmálum og skv. mannúðarhugveitunni ALNAP væri Ísland eitt átta ríkja sem væri yfir óformlegum viðmiðum ESB ríkja um að veita 0,07% af vergum þjóðartekjum í mannúðaraðstoð en Ísland væri skv. þeirra upplýsingum að veita 0,08%. Almennt væri búist við lækkandi framlögum gjafaríkja til málaflokksins frá 2025 til 2026, eða allt að 20% lækkun.

Spurt var hvort Bandaríkin hafi verið að undanskilja þau ríki í framlögum sínum sem þurfa mest á mannúðaraðstoð að halda. Fyrsta framlag Bandaríkjanna til landasjóða OCHA var aðeins veitt í verkefni sjóðanna en ekki umsýslu þeirra og aðeins 17 sjóðir hlutu styrki. Afganistan fékk til að mynda ekki styrk. Þá voru aðeins gefnir sex mánuðir til þess að úthluta upphæðinni en það leiddi til þess að stofnanir Sameinuðu þjóðanna fengu meirihluta fjármagns þar sem innlend félagasamtök skorti oft getu til þess að bregðast svo hratt við svo háum fjármunum. Reynslan af fyrstu styrkveitingunni til landasjóða OCHA var engu síður talin það góð að Bandaríkin veittu aftur fjármagn til þeirra, þá hærri upphæð og með færri takmörkunum, m.a. með tilliti til tímaramma.

Jónas greindi frá framlögum alþjóðasamfélagsins til mannúðaraðstoðar árin 2021-2025 sem hafa lækkað á sama tíma og þörfin fyrir mannúðaraðstoð hefur aukist. Samtök og stofnanir hafa þurft að segja upp starfsfólki og um leið tapast oft mikil þekking og reynsla.

Spurt var hvers vegna framlög frá einkageiranum væru að lækka. Svarað var að mögulega litu fyrirtæki svo á að þau hefðu minna á milli handanna. Alltaf er verið að reyna fá fyrirtæki inn með fjármagn, sérstaklega eftir því sem ríkisstjórnir sker meira niður. Þá var rætt hvernig framlög fyrirtækja og einkageirans geta verið markaðsmál og auglýsing fyrir fyrirtæki. Einnig var rætt hvort möguleiki væri á að hækka skattaafslátt til þeirra fyrirtækja sem að styrkja mannúðarsamtök og auka þannig framlög þeirra og viljann til að veita fjármunum í málefnið.

Rætt var um *humanitarian reset* sem Tom Fletcher, aðstoðarframkvæmdastjóri OCHA, kom á fót. Vísar það til sérstaks átaks í mannúðarmálum sem er ætlað ná fram frekari hagræðingu í starfsemi og verkefnum mannúðarstofnana SÞ, þar á meðal til að bregðast við lægri framlögum stórra framlagsríkja. Í átakinu er lögð áhersla á skýra forgangsröðun og að aðstoða þau sem hafa orðið hvað verst úti. Kom fram að OCHA hafi lagt áherslu á að veita þeim 87 milljónum sem eru verst sett lífsbjargandi aðstoð en um leið eru 152 milljónir manna ekki á forgangslista vegna fjárskorts. Kom fram í máli Jónasar að sérstök áhersla sé lögð á stuðningi við landasjóði OCHA,

að þeir vinni verkefni með staðbundnum félagasamtökum þar sem þekkingar- og getuuppbygging er í forgrunni.

Rætt var um *humanitarian diplomacy* sem vísar til viðræðna um að auka aðgengi að mannúðaraðstoð. Helstu mannúðarstofnanir leggja mikið upp úr þessu og hefur Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna jafnvel sérstakan erindreka sem sinnir þessu málefni. Íslensk stjórnvöld hafa einnig lagt aukna áherslu á *humanitarian diplomacy* í starfi sínu m.a. með aukinni þátttöku í sameiginlegum yfirlýsingum.

Varðandi *Humanitarian Reset,* þá studdi Ísland vinnu OCHA og Tom Fletcher, framkvæmdastjóra OCHA að því. Þar á meðal mætti nefna að færa vinnuna nær þeim sem eru á átakasvæðunum og byggja upp þekkingu og reynslu þar. Ísland hefði m.a. góða reynslu af því í gegnum héraðsnálgun sína í tvíhliða þróunarsamvinnu. Þá væri lögð áhersla á að viðhalda þeim árangri sem hefði náðst hvað varðar jafnrétti, konur og stúlkur og vernd við veitingu mannúðaraðstoðar. Þá kom fram að mikilvægt væri að halda á lofti þeim gildum sem Ísland stendur fyrir í okkar mannúðaraðstoð.

Áherslur íslenskra stjórnvalda á sviði mannúðaraðstoðar eru í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og eru að miklu leyti samhljóma áherslum *humanitarian reset*. Verið er að gera ríkari kröfur til landasjóðanna um að gefa upplýsingar um í hvað framlög Íslands fara. Þá kom fram að árið 2025 hefðu framlög Íslands í landasjóði OCHA náð til nærri 244 þúsund manns sem hefðu án okkar framlaga ekki hlotið aðstoð.

Spurt var út í kynjafræði sem hluta af mannúðaraðstoð Íslands og hvað félagsleg vernd væri. Svarað var að Ísland leggi áherslu á að veita viðeigandi aðstoð hverju sinni og að þegar talað væri um vernd, fælist hún í því að tryggja að réttindi flóttafólks væru ekki brotin og farið væri að alþjóðlegum mannúðarlögum, mannréttindalögum og alþjóðlegum reglum um vernd flóttafólks. Markmiðið væri að draga úr líkum að brotið væri á þeim. Vernd gæti falist í beinni þjónustu, s.s. lagaaðstoð eða fjölskyldusameiningu. Matvælaaðstoð félli til dæmis ekki þar undir.

Rætt var um nýja tölfræði sem sýnir árangur af framlögum Íslands til landasjóða OCHA, en 54% af framlögum Íslands fóru til innlendra hjálpar- og félagasamtaka og 40% til alþjóðlegra hjálparsamtaka. Lögð var áhersla á að veita aðstoð til Palestínu, Afganistan, Súdan, Sýrland, Jemen, Úganda og Úkraínu en einnig voru veitt framlög til svæðisbundinna verkefna á Sahel-svæðinu í vestanverðri og miðri Afríku.

Spurt var hvort stefnt sé að því að auka framlög til að mæta aukinni þörf fyrir aðstoð vegna versnandi ástands af völdum *El Nino* veðurfyrirbærisins. Í svari kom fram að framlög Íslands til þróunarsamvinnu hafi verið stöðug síðustu ár en ef aukið svigrúm myndaðist væri jafnan litið til mannúðaraðstoðar. Framlag norðurlandanna til mannúðaraðstoðar hefur verið stöðugt en Ísland vonast til að geta aukið við sín framlög.

Í lokin kom fram að Ísland hafi lagt áherslu á kjarnaframlög sem eru mikilvæg á tímum niðurskurðar og hagræðingar, og að eftir því er tekið. Á sama tíma sé tekið eftir því hvernig Ísland vinnur með alþjóðastofnunum og hvað Ísland hefur fram að færa.

Fundi slitið kl. 11:05